


1. Byrjaðu á að tvísmella á Netframköllun smámyndina til að keyra upp forritið.



Mynd 1


2. Eftir nokkrar sekúndur þá ætti að birtast innskráningar gluggi á skjánum hjá þér. Ef þú ert að nota forritið í fyrsta skipti þá smellir þú á [Nýskrá](#) til að skrá þig inn sem viðskiptavinur.

Mynd 2

- 2a. Eftir að smellt hefur verið á [Nýskrá](#) þá birtist þessi gluggi hér fyrir neðan (mynd 3) og hér þarf að fylla í all reiti sem eru hvítir.

Mynd 3

- 2b. Þegar búið er að fylla allt út er smellt á græna táknið og færðu þá þennan glugga hér.




3. Þegar smellt hefur verið á **OK** hnappinn á myndinni hér að ofan þá færðu aftur upp innskráningar gluggan og ætti þá notandanafnið sem þú valdir að vera í reitnum **Notandanafn** og nægir því að slá inn lykilorðið sem þú valdi þér.

Mynd 5


4. Og nú hefst gamanið.

Mynd 6


5. Til að ná í myndir sem á að senda í framköllun er smeltt á gulu möppuna og birtist þá gluggi (mynd 8) þar sem þú getur náð í myndir á tölvunni þinni. Hægt er að velja \*.jpg, \*.bmp, \*.tif og \*.png myndir. Hægt er að velja allar myndir í þessum glugga með því að ýta á CTRL + A. Einnig er hægt að velja eina og eina með því að ýta á CTRL takkan og halda niðri á meðan smeltt er á myndir hér og þar í þessum Open glugganum (mynd 8) með músinni.



Mynd 7



Mynd 8



Hérna birtast þær myndir sem þú hefur valið. Einnig sést hvaða stærð er verið að panta og einnig fjöldi fyrir hverja mynd. Hér sést einnig hvort myndin hentar til útprentunar í þeirri stærð sem valin er, það sést á stjórnunum. Ef stjarna er **GRÆN** er myndin í góðum gæðum en ef stjarnan er **RAUÐ** þá hentar myndin **ekki** til útprentunar í þeirri stærð sem valin er, gæti verið nóg að velja minni stærð fyrir þá mynd.

Á þessari tækjastiku er hægt að þysja myndir út (útúrstækka) með því að smella á stækkunarglerið með + merkinu, hægt er að færa mynd til með því að smella á myndina og halda músartakkanum niðri. Þegar myndin er orðin eins og þú villt hafa hana er smellt á skærin til að festa myndina eins og hún er á skjánum. ATH, ef mynd er útúrstækkuð mikið skal athuga með stjórnuna til að vera viss um að myndin komi vel út í prentun. Einnig er hægt að snúua myndum og eyða.

Með því að smella á pílun sem vísar niður getur þú valið þær stærðir sem er í boði. Einnig er hægt að velja fjölda mynda í reitnum fyrir neðan.

Hægt er að vista pöntunina ef ekki gefst tími til að klára með því að smella á bláa diskinn og svo þegar forritið er opnað aftur er þér boðið að halda áfram með vistaða pöntun. Til að ná í vistaðar myndir er smellt á smámyndina í miðjunni. Þegar pöntun er klár er smellt á **Senda** takkann.